

Miðvikudaginn 29. nóvember 1939.

Nr. 116/1939. **Búðahreppur**

gegn

H/f Shell „umboðð á Fáskrúðsfirði“.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búðahreppur, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 6. desember 1939.

Nr. 103/1939. **Réttvísinn** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Tómasi Jónssyni og Sigríði Jónsdóttur (Garðar Þorsteinsson).

Þjófnaður og ólögmet meðferð á annarra fé.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af hinum reglulega héraðsdómara Skagafjarðarsýslu, Sigurði sýslumanni Sigurðssyni.

Kindur þær, sem í 1.—10. og 13.—15. tölulið héraðsdómsins getur, kveðst ákærði hafa tekið í haga í því skyni að slá eign sinni á þær. Ber að heimfæra stuld þessara kinda undir 7. sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 1. tölulið 231. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða, Tómasi Jónssyni, ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Tómas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Garðars Þorsteinssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 22. ágúst 1939.

I.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Tómasi Jónssyni, bónda í Elvogum í Seyluhreppi, og fylgikonu hans, Sigríði Jónsdóttur, fyrir brot gegn 23. kap. og 25. kap. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á alm. hegningarlögum og viðauka við þau. Ákærðu eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði, Tómas Jónsson, er fæddur 19. apríl 1887, og hefir hann sætt eftirtöldum refsingum:

1. Sektaður um 30 krónur fyrir tiundarsvik samkv. dómi lögregluréttar Skagafjarðar, uppkveðnum 25. marz 1908.
2. Samkv. dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 29. sept. 1913, var hann dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.
3. Samkvæmt dómi landsyfirréttar, uppkveðnum 25. okt. 1915, var hann dæmdur í eins árs betrunarhúsvinnu

fyrir brot gegn 250. gr. og 272. gr. sbr. 273. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

4. Samkvæmt dómi lögregluréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 6. jan. 1927, var hann dæmdur í 30 kr. sekt fyrir brot gegn 12. gr. laga nr. 44/1913.
5. Samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 6. des. 1929, var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.
6. Samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 2. apríl 1930, var hann sektaður um 100 kr. fyrir brot gegn 2. mgr. 11. gr. laga nr. 44/1913.
7. Samkvæmt dómi aukaréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 2. sept. 1935, staðfestum með dómi hæstaréttar 3. apríl 1936, var hann dæmdur í tíu mánaða betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Ákærða, Sigríður Jónsdóttir, er fædd 4. marz 1897 og hefir hún ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

II.

Málavextir eru eins og hér segir.

Sunnudaginn 23. október síðastliðinn kærði hreppstjórinn í Staðarhreppi yfir því, að grunur léki á, að ákærði, Tómas Jónsson, hefði þá fyrir skömmu tekið úti í Staðarhreppi jarpan fola, sem vafi léki á, að væri hans eign. Samdægurs var kveðinn upp úrskurður um, að leitað skyldi í Elvogalandi að hesti þessum og jafnframt skyldi húsleit gerð í Elvogum, með því að stöðugur grunur hvíldi á ákærða um búpeningsþjófnað. Mánudaginn 24. október s. l. fór síðan fram húsrannsókn í Elvogum undir umsjón hreppstjóra Seyluhrepps. Var þá smalað öllum hrossum og sauðfénaði í Elvogalandi. Fór fram nákvæm markaskoðun á sauðfénaðinum, og voru brennimörk athuguð, en við skoðun þessa töldu skoðunarmenn, að ekkert athugavert hefði komið í ljós að þeirra dómi. Þá var bær og útihús rannsökuð, og töldu leitarmenn, að innanbæjar hefði ekkert fundizt, er grunsamlegt mætti þykja. En í niðurgröfnunum kofa austan við bæinn fundust miklar birgðir af kjöti, sem mestmegnis reyndist að vera dilkakjöt, eitt steinoliufat fyllt að $\frac{2}{3}$ með rígvænu sauðakjöti, en ofan á því var

nokkuð af skemmdu kýrkjöti, hrossamör, kindamör og lifur úr stórgrip, sildarstrokkur með nýsöltuðu hrossakjöti, milli hálfis og fulls, og kassi með allmiklu af hrossabeinum. Einnig fannst þarna í kofanum húð af slátraðri hryssu og var af henni rakað faxið og sterturinn skorinn af. Syðst í kofanum lá skrokkur af geldkind og talsvert af kindamör í iláti. Af svonefndum gamlabæjarhúsum voru uppi standandi tveir kofar. Í syðri kofanum var hengt upp nokkuð af kjöti af stórgripum og sauðfénaði til reykingar. Í gangi inn af nyrðri kofanum fundust 3 skemmdar gærur í poka. Upp í innganginn að þessum göngum var hlaðið. Við rannsókn á hrossum ákærða urðu leitarmenn ekki varir annars grunn-samlegs hross en jarpa folans, sem varð tilefni þessarar rannsóknar.

Miðvikudaginn 26. október fór að nýju fram húsleit í Elvogum og nánari athugun á kjötbirgðum þeim, er fundust í fyrstu leitinni. Leiddi sú athugun í ljós, að af spaðsöltuðu kjöti voru þar fyrir hendi 264 kg. og einn kindarskrokkur, sem vó 26 kg., eða samtals 290 kg. af sauðakjöti. Töldu skoðunarmenn meginhluta kjötsins af fullorðnu fé. Taldist þeim til, að spaðsaltaða kjötið myndi vera af 17 kindum, en að þessari niðurstöðu komust þeir með talningu hælrófubítanna, sem í spaðkjötinu voru. Í heyrudda í tóftardyrnum á fjárhúsi fundu leitarmenn grafna gæru af kind þeirri, sem ósaltaði kroppurinn fannst af, og töldu þeir, að kindinni hefði verið nýslátrað, þegar fyrri húsleit fór fram. Fylgdi rófan gærinni, og féll sárið saman við sárið á kroppnum, er benti til, að gæran væri af honum. Var gæra þessi ljósgrá að lit. — Í fjárhúsi utantil við bæinn fundu leitarmenn blóðdrefjar í taðinu, og ennfremur afturfót af rauðu hrossi og folaldsfóstur. — Í mógröf sunnan við bæinn, sem full var af vatni, fannst haus af rauðu hrossi, en af honum voru skorin bæði eyrun, ennis-toppur, nasir og neðrivör. Í mógröfinni fannst einnig framfótur og afturfótur af hrossi, og töldu leitarmenn vafalaust, að fætur þessir væru af sama hrossinu og afturfóturinn fannst af í fjárhústaðinu. Allar þessar hrossleifar voru nýlegar, og virtist leitarmönnum allt benda til, að þær væru af sama hrossinu og húðin fannst af í fyrstu leitinni. En af húðinni hafði júfurbotin verið skorin burtu. — Austan við bæjarhúsin grófu leitarmenn víða í gamlar rústir og

fundu þar allmikið af innýflum úr sauðfénaði, kjötstykki, úldnar gærur og fætur. Allt var þetta mikið skemmt af ýldu, og talið var vafalaust, að það væri frá síðastliðnu sumri. — Kjötið, sem hengt hafði verið upp til reykingar, áætluðu leitarmenn að vera myndi um 22 kg. Allt reyndist þannig kindakjötið um 312 kg. að þyngd. Kýrkjötið og hrossakjötið var hinsvegar ekki vegið, en leitarmenn töldu, að hrossið hefði verið geysivænt. Í kjötgeymslunni var fullt trog af litið skemmdum kindamör og allmikið af tólg.

Fimmtudaginn 27. okt. var rannsókn í Elvogum enn haldið áfram. Var þá ausin mógröf sú, er hrossaleifarnar höfðu fundizt í.

Fannst þar enn framfótur af rauðu hrossi, og töldu leitarmenn, að hann myndi vera af sama hrossinu og áður höfðu fundizt leifar af.

Úr mógröf þessari komu ennfremur upp 8 kindarhausbein og allmörg kindarhorn með brennimörkum ýmissa manna úr nágrenninu og hrepps-brennimörkum Seylu- og Staðarhreppa. Sama dag fór fram smölun á hrossum ákærða og var þá gerð nákvæm skrá yfir þau ásamt aldurslýsingu og tilgreining marka. Reyndust hrossin vera 58 að tölu, en 3 þeirra komu ekki fram við smölunina, og voru þau skrásett samkvæmt upplýsingum kunnugra manna. Töldu leitarmenn ekki vafa á um heimildir ákærða á öðrum hrossum en rauðri hryssu, er nefnd var „Glóð“ eða „Álfhildar-Glóð“ eða — „Glóa“, og jarpa hestinum, sem áður getur.

Laugardaginn 29. október fór ennfremur fram rannsókn í Elvogum. Var þá sauðfénaði smalað og reyndust þar vera 32 kindur fullorðnar og 8 lömb, en leitarmenn töldu, að á vantaði eina á með lambi. — Tvær mógrafir voru nú ausnar og fannst í annari þeirra haus af gömlu hrossi, mikið rotinn, og töldu leitarmenn, að hann myndi vera frá s. l. ári. Einnig fundust þarna 3 ójárnaðir hrosshófar og nokkuð af taglhári. Í mógröfinni, sem var næst bænum, fundust horn af 3 ám, sem leitarmenn töldu vera frá síðastliðnu hausti. Horn þessi voru brennimerkt með brennimörkum 3ja nágranna ákærða. — Suðvestan við túnið í Elvogum fundu leitarmenn geysimikið af nýjum og gömlum hornum af ám, hrútum og lömbum og jafnvel sauðum. Tóku leitarmenn nokkurn hluta af þessum hornum í sínar vörzl-

ur, einkum það, sem þeim virtist nýlegt, og hafa verið lagðar fram í málinu skrár yfir horn þessi með tilgreining einkenna.

Fimmtudaginn 17. nóvember fór enn fram rannsókn á sauðfénaði ákærða. Við smölunina komu nú fram 33 ær, 1 hrútur og 9 lömb, eða samtals 43 sauðkindur, og kemur það heim við yfirlýsing ákærða um sauðfjáreign hans. Voru nú teknar 4 kindur úr fénaði ákærða, sem vafasamar heimildir þóttu á, og voru þær fluttar til hreppstjóra. Við athugun á mörkum og öðrum einkennum varð niðurstaðan sú, að tveim kindanna var aftur sleppt, en tvær, sem grunsamlegar heimildir þóttu á, voru hafðar áfram í haldi. — Mánudaginn 5. og þriðjudaginn 6. desember leituðu enn nokkrir menn í Elvogum og jusu upp mógrafir. — Undir lausarúmi í eldhúsi fundu þeir tvö kindarhorn, og hafa finnendur ákveðið haldið því fram, að hornin væru af nánar tilteknum kindum.

III.

Með eigin játningu ákærða, Tómasar Jónssonar, sem kemur heim við annað, sem er upplýst í málinu, er það fullsannað, að hann hefir slegið eign sinni á og stolið eftirtöldum búpeningi:

1. Á síðastliðnu hausti tók hann hvíta á fullorðna á túninu í Elvogum og slátraði henni í fjárhúsi þar heima. Þekkti hann, að Sigurður bóndi Þórðarson á Egg í Hegranesi átti ána, og hefir Sigurður krafizt þess í réttinum, að sér verði bætt ærin með 20 kr. iðgjaldabótum, er ákærði hefir samþykkt að greiða.

2. Í sama skipti tók hann einnig aðra á hvíta á túninu í Elvogum og slátraði henni um leið og framangreindri kind. Hefir hann einnig játað, að nefndur Sigurður Þórðarson hafi átt þá kind, en Sigurður hefir krafizt 20 kr. bóta fyrir kind þessa og ákærður samþykkt þá iðgjaldskröfu.

3. Skömmu eftir að ákærður tók ærnar frá Egg, sló hann eign sinni á fullorðna á, sem hann hefir kannazt við, að Ellert Jóhannesson, bóndi í Holtsmúla í Staðarhreppi, hafi átt. Kind þessa tók hann rétt fyrir austan Elvogatúnið og slátraði henni í fjárhúsi því, sem að framan greinir.

Hefir eigandi ærinnar krafizt 30 kr. bóta fyrir ána, og ákærði samþykkt þá kröfu.

4. Nokkru eftir að hann tók siðastnefnda á, tók hann og sló eign sinni á aðra á, er kom fyrir rétt austan við Elvogatúnið. Slátraði hann henni í sama fjárhúsinu. — Hefir hann játað, að nefndur Ellert Jóhannesson hafi einnig átt þessa kind, en Ellert hefir gert kröfu til 30 kr. iðgjaldsbóta fyrir hana, er ákærði hefir samþykkt.

5. Í sama skipti og ákærði tók tvær hinar siðastgreindu kindur, sló hann eign sinni á hvíta á, sem var komin í Elvogaland, rétt fyrir austan túnið. Slátraði hann henni um leið og hinum tveimur kindunum. Hefir hann játað, að kind þessi hafi verið eign Ingimars Bogasonar á Viðimýri, er hefir krafizt þess að fá ána bætta með 35 kr., og hefir ákærður samþykkt þá bótakröfu.

6. Skömmu síðar tók ákærður hvíta gelda á rétt hjá gamla bænum í Elvogum, sló eign sinni á hana og slátraði henni tafarlaust í framangreindu fjárhúsi. Hefir hann játað, að eigandi kindar þessarar væri Guðmundur Kaldhak í Steinholti í Staðarhreppi, sem krafizt hefir 30 kr. bóta fyrir ána, og hefir ákærði samþykkt þessa iðgjaldskröfu.

7. Í sama skipti og ákærður tók og slátraði siðastgreindri kind, sló hann eign sinni á hvíta geldær, sem hann hefir haldið fram, að hann vissi ekki, hver hafi átt. Hefir ekki orðið upplýst um eiganda þessarar kindar, sem ákærður slátraði.

8. Þá tók ákærður rétt fyrir síðustu sumarhelgi (14. eða 15. október) gráa á fullorðna fyrir suðaustan túnið í Elvogum og slátraði henni þegar í stað úti fyrir dyrum framangreinds fjárhúss. Hefir ákærður játað, að Sæmundur Jónsson bóndi á Bessastöðum í Staðarhreppi hafi átt kind þessa, og samþykkti hann bótakröfu frá honum, að upphæð kr. 35 fyrir kindina.

9. Í áliðnum septembermánuði s. l. tók ákærður á með lambi, sem hann hefir játað, að Halldór Björnsson á Seylu hafi átt. Kveðst ákærði hafa séð ána með lambinu fyrir sunnan og neðan Sjónarhólinn í Elvogum með þremur kindum, er hann átti sjálfur. Slátraði hann ánni og lambinu og hagnýtti sér afurðirnar. Eigandi kindanna hefir krafizt, að sér yrðu greiddar 60 kr. í skaðabætur fyrir kindurnar, og hefir ákærður samþykkt bótakröfuna.

10. Í sama skipti og ákærður tók ána, sem talin er undir

9. lið, stal hann hvítri á 7 vetra gamalli og slátraði henni. Hefir hann skýrt svo frá, að ær þessi hafi verið með kindum Halldórs á Seylu, og tók hann hana við Sjónarhólinn í Elvogalandi. Hefir hann kannast við, að Guðvin Jónsson bóndi á Seylu hafi átt kind þessa. Guðvin hefir krafizt þess, að kindin verði bætt sér með 20 kr., og hefir ákærði samþykkt þá bótakröfu.

11. Haustið 1933 tók ákærður svarta á, er hann slátraði og hagnýtti sér. Við prófin hefir ákærði ekki fengizt til að gera grein fyrir því, hvar hann tók kind þessa. Hefir hann kannast við, að Ellert bóndi Jóhannesson í Holtsmúla hafi átt kindina, en Ellert hefir krafizt, að kindin verði bætt sér með 20 kr., og ákærði samþykkt þá bótakröfu.

12. Sama haustið tók ákærður hvíta á þrevetra, og hefir hann viðurkennt að hafa hagnýtt sér kind þessa, en ekki gert grein fyrir, hvar hann tók hana. Ákærði hefir játað, að Ellert Jóhannesson í Holtsmúla hafi einnig átt þessa kind, og hefir Ellert krafizt, að kindin yrði bætt sér með 20 kr., og hefir ákærði samþykkt þá bótakröfu.

Eigandi beggja síðasttalinna kinda hefir í rannsóknarréttinum gefið þá skýrslu, að hann hafi haustið 1933 keypt 40 ær frá Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi. Um veturnætur sama haust missti hann 8 af þessum aðkeyptu ám. Voru þær hýstar eina nótt á Páfastöðum, en sleppt síðan. Sást síðast til þeirra, að þær lögðu á ásinn utan við bæinn Miklagarð. Sex af kindunum komu aftur til skila, en ákærður hefir viðurkennt að hafa tekið tvær þeirra, eins og að framan greinir.

13. Haustið 1936 tók ákærði kollóttu á, sem hann segir, að komið hafi fyrir með kindum við Sæmundará vestan til í Elvogalandi. Slátraði hann kind þessari og hagnýtti sér afurðir hennar. Hefir hann játað, að Jón K. Jónsson, bóndi á Syðri-Húsabökkum í Seyluhreppi, hafi átt kindina, og hefir Jón krafizt 30 kr. bóta fyrir kindina, en ákærði samþykkt þá bótakröfu.

14. Síðla sumars 1937, rétt eftir fyrstu fjárréttir, tók ákærður svarthosublesótta á með lambi rétt fyrir sunnan Elvogabæinn, þar sem hún var í kindum hans. Slátraði hann ánni og lambinu og hagnýtti sér afurðirnar. Hefir hann viðurkennt, að Jónas Jónasson frá Hátúni í Seyluhreppi hafi átt kindina og lambið. Af eiganda hálfu hefir

verið krafizt, að ærin verði bætt með 25 kr., og hefir ákærði samþykkt þá kröfu.

15. Haustið 1937 tók ákærði grámórauða á, er komin var saman við fé hans í Elvogalandi og slátraði henni heima við. Hefir hann viðurkennt, að Jón Jóhannesson, ökumaður á Sauðárkróki, hafi átt þessa kind, en Jón hefir krafizt 30 króna bóta fyrir ána, og hefir ákærði samþykkt þá bóta-kröfu.

Ákærður hefir haldið því fram, að allar framangreindar sauðkindur, 17 að tölu, að tveimur undanteknum, sem hann hefir ekki þótt geta gert grein fyrir, hvar hann tók, hafi verið komnar saman við fénað hans í landi jarðar hans, er hann sló eign sinni á þær, en neitað því að hafa sótt þær út fyrir landareign sína og rekið þær saman við fé sitt. Á hinn bóginn hefir hann viðurkennt, að honum hafi verið ljóst, að þær voru annarra eign, þegar hann tók þær til slátrunar og hagnýtingar.

Við rannsóknir þær á húsum og umhverfi þeirra í Elvogum, sem getur um í II. kafla hér að framan, fannst mikið af sauðahornum bæði í mógröfum og í námunda við bæinn.

Með eigin játningu ákærða er það sannað, að sumt af hornum þessum var af sauðkindum, er hann hefir stolið og taldar eru hér að framan, og kemur þetta heim við það, sem upplýst er með vitnaframburði í rannsókn málsins. En jafnframt er það upplýst, að margt af hornunum var þannig komið að Elvogum, að Páll Kjarrval, sonur ákærða, ýmist fékk horn í skiptum hjá börnum í nágrenninu eða að hann flutti þau heim frá Sauðárkróki, er slátrun stóð þar yfir.

16. Laugardaginn 22. október síðastliðinn fylgdi ákærður, Tómas Jónsson, bræðrunum Baldri og Erni Gunnarssonum frá Þverárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatns-sýslu vestur í fjöllin. Höfðu þeir komið að Elvogum og keypt nokkur folöld af ákærða. Með ákærða í þessari för var framannefndur Páll Kjarrval, 12 ára gamall drengur, sonur ákærða. Þegar þeir á heimleið riðu austur af Reykja-skarði sáu þeir rauða hryssu með hryssu, sem ákærði átti og nefnd er Rúnu-Skjóna. Vaknaði þá sá ásetningur hjá ákærða að taka hross þetta, slátra því og hagnýta það, enda þótt honum væri fullkomlega ljóst, að hryssan var

ekki hans eign. Seint á laugardagskvöldið, þegar allir voru sofnaðir í Elvogum, vakti ákærði Pál son sinn og lét hann fara með sér til að sækja hryssu þessa. Riðu þeir vestur í Skarðsárhóla, sem eru í Sæmundarhlíð milli bæjanna Skarðsár í Staðarhreppi og Fjalls í Seyluhreppi nálega þrjár þæjarleiðir frá Elvogum. Var rauða hryssan komin þangað ásamt hrossum þeim, er hún var með. Ráku þeir hrossin heim undir Elvoga, en þar tóku þeir rauðu merina og ráku hana með brúnni meri, sem ákærði átti inn í syðra fjárhúsið í Elvogum og létu hross þessi vera þar um nóttina. Í birtingu á sunnudagsmorguninn — daginn eftir — segist ákærði hafa skotið rauðu merina þarna í fjárhúsinu og gert hana þar til. Haus hennar og fótum sökkti hann í mógröf þar í nágrenninu, en skar áður af hausnum ennistopp, eyru og granir. Af húðinni rakaði ákærður faxið og skar af henni jufurbótina að mestu, svo eftir varð aðeins hálfur speni. Ákærður hefir haldið því fram, að mark á hryssunni hafi verið: Stýft hægra og fjöður framan vinstra, en það mark hefir ekki fundizt í markaskrá. Um aldur á hryssunni hefir ákærður haldið því fram, að hún muni hafa verið 12—13 vetra gömul. Upplýst er í málinu, að hryssa þessi var sótrauð á lit. Vitnið Halldór Benediktsson, bóndi á Fjalli, hefir borið það, að fyrir hádegi umræddan laugardag hafi ákærður komið til sín og fengið lánaða hjá sér byssu og þrjú skot til að lóga hrossi. Ákærði hefir undir rannsókn málsins stöðugt haldið því fram, að honum væri ókunnugt um, hver væri eigandi að þessari rauðu hryssu, sem hann stal og slátraði með þeim hætti, er greinir hér að framan. Segist hann helst hafa haldið, að hún væri óskilahross vestan úr Húnavatnssýslu. Páll Kjarrval, sonur ákærða, hefir borið það, að hann hafi aðstoðað föður sinn við að slátra hryssunni og hafi faðir sinn vakið sig til þess á sunnudagsmorguninn. Kveðst Páll hafa athugað markið á hausu hryssunnar og hafi honum fundizt markið mjög líkt marki Steingríms Óskarssonar, bónda á Páfastöðum í Staðarhreppi, og hafi hann því verið þeirrar skoðunar, að Steingrimur ætti hryssuna. Ákærði hefir hinsvegar borið, að hann muni ekki til þess, að hann hafi vakið Pál á sunnudagsmorguninn til þess að hjálpa til við slátrunina, en þó hefir ákærði játað, að Páll muni hafa komið til sín,

á meðan hann var að gera merina til. Á hinn bóginn hefir ákærði haldið því fram, að Páll segi það ósatt, að hann hafi skoðað markið á hausnum af rauðu merinni. Segist ákærði hafa skorið eyrun af hausnum, áður en hann byrjaði að gera merina til, og stungið eyrunum í vasa sinn og geymt þau þar, á meðan hann gerði hrossið til. Af þessum ástæðum komi ekki til mála, að Páll hafi séð eyrun af hrossi þessu.

Framanefndur Steingrímur Óskarsson á Páfastöðum, sem leiddur var sem vitni í málinu, hefir borið það, að hann hafi vantað í haust af fjalli sótrauða hryssu, 12 vetra gamla, og folald, sem fylgdi henni. Hefir vitnið vandlega skoðað leifar hrossins, sem ákærður slátraði og hefir játað að hafa stolið, og hefir vitnið haldið því fram, að þær komi heim við það, að leifarnar væru af hryssunni, sem hann vantar, og sé hausinn, hæðin og fæturnir eins og á hrossi hans eða hrossi, sem sé alveg eins, að svo miklu leyti, sem séð verði af leifunum. Steingrímur hefir þó ekki viljað helga sér hið stolna hross með eidi, enda þótt hann þykist viss um, að það muni vera hans eign, því ekki hafi verið nægar leifar fyrir hendi, til þess að hann geti gert það fyllilega öruggur.

Hinn 23. september síðastliðinn fór fram skilarétt á hrossum í Fjallsrétt í Sæmundarhlið. Þá slapp úr réttinni dökkrauð hryssa, sem ekki var athugað mark á, en var talin sem óþekkt aðkomuhross. Hryssa þessi fylgdi rauðskjóttri hryssu, sem ákærði átti, og sá vitnið Karl Valdimar Konráðsson, bóndi í Auðnum, þessa dökkrauðu hryssu 12. október síðastliðinn með hinni rauðskjöttu hryssu ákærða í hrossahóp austarlega í Reykjaskarði. — Við smalamennsku, sem fór fram mánudaginn fyrstan í vetri (24. okt.), fannst hryssa þessi ekki, en rauðskjötta hryssan var þá norðanvert við Reykjaskarð. — Ákærður hefir ekki viljað við það kannast, að það hafi verið ein og sama hryssan, sem slapp úr Fjallsrétt, og sú, er hann slátraði sunnudaginn 23. október, og viðhaft þau orð, að hann vildi ekkert um það fullyrða. — Nefndur Steingrímur Óskarsson hefir krafizt þess í málinu, að honum verði bætt þessi hryssa með 400 krónum. Einnig hefir hreppsnefnd Staðarhrepps krafizt þess, að ákærður bætti sveitarsjóðnum hryssuna með 200 krónum, þar sem um óskilahross væri að ræða, sem

myndi hafa verið selt sem óskilahross samkvæmt fjallskilareglugerð Skagafjarðarsýslu, ef því hefði ekki verið stolið, áður en næsta skilarétt var háð. Enda þótt sá framburður ákærða, að hann viti ekki, frá hverjum hann stal framangreindri hryssu, virðist allur næsta tortryggilegur, en hinsvegar séu að réttarins áliti framkomnar miklar líkur fyrir því, að umrædd hryssa sé eitt og sama hrossið og Steingrím, bónda á Páfastöðum, vantar, þykir þó ekki fengin fullnægjandi sönnun í málinu fyrir því, að hið stolna hross sé eign Steingríms, og verður því ekki auðið að taka iðgjaldskröfu hans til greina. Þá verður rétturinn að líta svo á, að ákvæði fjallskilareglugerðarinnar verði ekki heimfærð á þetta atriði, og brestur því heimild til að taka framangreinda kröfu hreppsnefndarinnar í Staðarhreppi til greina.

IV.

Með rannsókn málsins þykir það upplýst, að jarpi folinn, sem réttarrannsóknin reis af, sé rétt eign ákærða, Tómasar Jónssonar. Að vísu hefir vitnið Karl Konráðsson, bóndi í Auðnum, borið, að eignarheimild ákærða fyrir hrossi þessu sé vafa bundin að hans áliti. En framburður þessi þykir ekki með hliðsjón af skýrslu vitnanna Halldórs B. Benediktssonar, bónda á Fjalli, Helga Sigurðssonar, bónda í Torfgarði, og hreppstjóra Seyluhrepps, Björns L. Jónssonar, bónda á Seylu, nægilega ákveðinn til þess, að eignarheimild ákærða fyrir téðu hrossi verði véfengd. Vitnið Halldór B. Benediktsson hefir borið, að folinn hafi verið með marki Sigríðar Jónsdóttur, bústýru og fylgikonu ákærða, þangað til síðastliðið vor, að graðhestur beit hann í hægra eyra í réttinni á Fjalli í Sæmundarhlíð. Þenna framburð hefir vitnið Helgi Sigurðsson staðfest. En vitnið Björn L. Jónsson hefir lýst yfir því, að það kannist við folann sem eitt af hrossum ákærða og ógrunsamlegan.

Við rannsóknina á hrossum ákærða, er fór fram 27. október, var tekin til sérstakrar varðveizlu fullorðin rauð hryssa glófext, sem vafi þótti á, að ákærði hefði eignast á heiðarlegan hátt, og með henni folald og tryppi, sem fylgdu henni. Mark á hryssu þessari er: Stýft, lögg aftan hægra og hófbiti framan vinstra. Hryssuna hefir ákærði nefnt „Glóð“ eða „Álfhildar-Glóð“ eða „Álfhildar-Glóu“.

Hefir hann stöðugt haldið því fram, að þessi hryssa sé hans réttmæt eign, og hafi hann átt hana frá fæðingu hennar. Segir hann hryssuna vera undan hryssu, sem hann nefnir „Hofdala-Glóu“ og einnig hafi verið hans eign. Í fyrstu bar ákærði, að „Glóð“ væri á aldrinum 10—12 vetra, en síðar undir rannsókn málsins hefir hann haldið því fram, að hún væri 9 vetra, en hann hafi misminnt um aldurinn. Hrossamark ákærða er: Stýft hægra og hófbiti framan vinstra, og hefir hann haldið því fram, að það mark ætti að vera á þessari hryssu, en hefir enga grein getað gert fyrir því, hvernig stendur á lögginni aftan á hægra eyra hrossins, og haldið því fram, að hann hafi ekki haft hugmynd um, að löggin væri á eyranu fyrri en nú, að rannsókn máls þessa leiddi hana í ljós. Hann hefir haldið því fram, að þeir Jónas Gunnarsson, bóndi í Hátúni, og Friðrik Sigfússon, bóndi í Jaðri, hafi markað hryssuna, þegar hún var folald, niðri í Glaumbæjareyjum. Hefir nefndur Jónas Gunnarsson borið það í málinu, að rétt muni vera, að téður Friðrik Sigfússon hafi markað folald undan hryssunni Hofdala-Glóu niður í Glaumbæjareyjum fyrir allmörgum árum og hann aðstoðað hann við mörkunina, en segist ekkert geta um það sagt, hvort „Glóð“ sé sama hrossið og þá var markað. Í málinu er einnig fyrir hendi skýrsla nefnds Friðriks Sigfússonar, sem gengur í sömu átt. Vitnið Jónas Gunnarsson hefir og borið, að hann hafi kannast við „Glóð“ um allmargra ára skeið, og hafi hún verið í hrossum ákærða, og hann talið hana sína eign. Í réttarhaldi 14. nóvember síðastl. voru tilnefndir menn til að ákvarða aldur á „Glóð“ og skoða mark á henni. Við aldursákvörðunina komust skoðunarmennirnir að þeirri niðurstöðu, að hryssan væri ekki yngri en 9 vetra, en annar þeirra hélt því fram, að hún gæti ekki verið eldri en á 10. vetri, en hinn, að hún gæti verið á 11. vetri. Um aldur hrossins hefir ekki fengizt nákvæmari skilgreining. Markskoðunarmennirnir lýstu marki á hryssunni þannig: „Mark á hægra eyra er: Stýft, lögg aftan (stýfingin mjög stór). Mark á vinstra eyra er: Biti framan (bitinn er mjög stór og gæti verið illa markaður hófbiti). Að gefnu tilefni lýsum við yfir því, að við teljum útilokað, að löggin á hægra eyra sé tilorðin fyrir slys, heldur sé hún greinilega mörkuð. Á eyrum hrossins finnast engar markleifar: Auðsætt er, að

stýfingin er mörkuð síðar en löggin.“ Þenna framburð hafa markskoðunarmennirnir staðfest með eiði. Vitnið Steingrimur Óskarsson, bóndi á Páfastöðum, hefir gefið þann vitnisburð, að hann hafi síðan haustið 1934 þekkt hryssuna „Glóð“ undir því nafni sem eign ákærða, Tómasar Jónssonar. Skoðaði hann hryssuna á Seylu á s. l. hausti og kveðst hafa orðið hissa, er hann sá, að mark ákærða var ekki á hryssunni, en hann hafði ekki fyrr en þá skoðað mark á henni. — Við athugun á markaskráum varð það upplýst, að mark það, sem er á hryssu þessari, var eign Sigurðar Helgasonar, fyrrum bónda á Súlunesi í Borgarfjarðarsýslu, en hann hefir borið það, að með þessu marki hans hafi hross hans aldrei verið mörkuð, heldur aðeins sauðfénaður. Vitnið Páll Sigurðsson í Eyhildarholti og Magnús Ásgrímsson á Sauðárkróki hafa borið það í málinu, eftir að hafa athugað hryssuna „Glóð“ á Seylu undir rannsókn málsins, að þeir væru í engum vafa um, að þar væri um að ræða rauða hryssu, er Sveinn Ingimundarson á Sauðárkróki hefði tapað árið 1934. Hafa þessi vitni borið það, að þau þekktu aftur hryssuna af vaxtarlagi, lit og gangi, og hafa staðfest þenna framburð sinn með eiði. Á hinn bóginn upplýstu þeir, að mark á hryssu Sveins Ingimundarsonar hefðu þeir aldrei athugað. Nefndur Sveinn Ingimundarson hefir borið það, að þessi hryssa hans, sem var með marki: Sýlt hægra, bragð framan og lögg framan vinstra, hafi tapazt árið 1934 og ekki komið fram síðan. Gekk hryssa þessi í landi Kárastaða í Hegranesi vorið 1934. Sigurður Ólafsson, bóndi á Kárastöðum, hefir borið í málinu og staðfest þann framburð sinn með eiði, að umrædd hryssa hafi árið 1929 komið til sín í hagagöngu og verið þar síðan, þangað til vorið 1934, að hún var rekin með öðru stóði í Staðarfjöll. Vitnið athugaði mark á hryssunni, er hún kom í hagagönguna til hans, og segir vitnið, að bragðið að framan á hægra eyra hafi verið mjög óglögg og neðarlega á eyranu, en þó hafi vel mátt finna fyrir því. Vitnið og Ólafur Sigfússon, bóndi í Álftagerði, voru í réttarhaldi 11. marz s. l. nefndir til þess að skoða mark á hryssunni til þess sérstaklega að ganga úr skugga um, hvort bragð væri finnanlegt á framanverðu hægra eyra hryssunnar Glóðar. Rökuðu þeir allt hár af framanverðu eyranu neðan frá hlust og upp að stýfingunni og komust

að þeirri niðurstöðu, að hvorki væri hægt að sjá eða finna með fingurgómunum ör eða leifar af bragði. Þenna framburð hafa þeir staðfest. Vitnið Sigurður Ólafsson hefir hinsvegar borið, að sér hafi fundizt „Glóð“ áþekk að vaxtarlagi, stærð og lit og hin tapaða hryssa Sveins Ingimundarsonar að því undanskildu, að hann minnst þess ekki, að framan á höfði hryssu Sveins hafi verið tveir hvítir blettir, eins og eru á „Glóð“. Hinsvegar hefir hann eftir athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að þessir blettir séu ekki fæðingarblettir, heldur tilkomnir fyrir áverka. Styður hann þetta álit sitt við það, að húðin undir gráu blettunum er með sama litarhætti og annarsstaðar. Þá hafa vitnin Magnús Ásgrimsson og Páll Sigurðsson einnig borið það, að þeir minnst þess ekki, að hvítir blettir væru framan á höfði hryssu Sveins Ingimundarsonar. Bæði þessi vitni hafa þó borið það, að þau hafi verið nákunnug hryssu Sveins Ingimundarsonar, meðan hún gekk í Hegranesi. Í bréfi til réttarins, dags. 3. des. s. l., þar sem oddviti Sauðárkróksþrepps f. h. Sveins Ingimundarsonar hefir krafizt, að honum verði dæmdur eignarréttur yfir hryssunni „Glóð“, hefir hann lýst því yfir, að einkenni á hrossum Sveins Ingimundarssonar hafi verið gráir blettir framan á haus og jafnframt getið þess, að þó að folöld af þessu kyni hafi fæðzt alrauð, hafi þó slíkir blettir komið fram síðar. Um aldur á hryssu Sveins Ingimundarsonar er það upplýst, að hún var 6 vetra 1934, þegar hún tapaðist. — Þá hefir vitnið Hjörleifur Sigfússon borið það, að hann hafi flutt hryssu Sveins Ingimundarsonar vestan úr Húnavatnssýslu að Vik í Staðarhreppi haustið 1929. Um markið á henni hefir hann getið þess, að bragðið hafi verið óvenjulega ofarlega. Hann hefir að öðru leyti lýst henni, eins og að framan hefir verið rakið, nema hvað hann hefir tekið það fram, að hvít hár hafi verið á tveimur stöðum framan á höfði. Kveðst vitnið síðar fyrir tveimur árum hafa séð hryssuna í hrossum ákærðs, en þá ekki veitt henni frekari athgli. Einnig kveðst vitnið hafa skoðað „Glóð“ bæði í Elvogalandi og að Seylu nú í haust og verið viss um eftir þá skoðun, að þar væri um að ræða sömu hryssuna og hann flutti vestan úr Húnavatnssýslu árið 1929. Þá hefir þetta vitni haldið því fram, að í stýfingunni á hægri eyra Glóðar mætti sjá leifar af sýlingu, þar sem hvel væri ofan

i mitt eyrað. Framburður þessa vitnis hefir ei verið staðfestur og ástæðan fyrir því tilgreind í rannsóknargerðum málsins. — Hreppsnefnd Seyluhrepps hefir krafizt þess, að umrædd hryssa verði ásamt tryppinu og folaldinu, sem henni fylgja, seld á opinberu uppboði sem óskilahross samkvæmt fjallskilareglugerð Skagafjarðarsýslu.

Eftir nána athugun fyrst á markinu, sem er á hryssunni „Glóð“, því næst á framangreindu marki Sveins Ingimundarsonar og loks á framangreindu hrossamarki ákærða, sérstaklega á þeim staðreyndum, að *löggin er aftan á hægra eyra, en engin merki eða leifar eftir bragð fyrirfinnast hinsvegar framan á sama eyra hrossins*, er það álit réttarins, að með öllu sé ósannað, að ofangreind hryssa muni vera eitt og sama hross og Sveinn Ingimundarson tapaði 1934, svo sem hér að framan er lýst. Hefir rétturinn komizt að þessari niðurstöðu með hliðsjón af framburði framannefndra markskoðunarmanna, þar sem tekið er fram, að löggin á hægra eyra hryssunnar sé folaldsmark, og framburði annarra vitna viðvikjandi hryssunni „Glóð“, sem upplýst er um, að verið hefir í vörzlum ákærða um margra ára bil sem óátalin eign hans. Þykir framurður þeirra vitna, sem þykjast þekkja „Glóð“ sem eitt og sama hross og Sveinn Ingimundarson tapaði, ekki geta hnekkt staðreyndum þeim, sem nú hafa verið greindar. Og enda þótt eignarheimild ákærða á umræddu hrossi virðist ákaflega vafasöm, verður rétturinn að líta svo á, að nægilega sönnun bresti fyrir því, að hann hafi stolið hrossinu eða náð eignarhaldi á því á annan ólöglegan hátt, og verði hann því ekki sakfelldur, að því er þetta hross snertir. Verður því framangreind krafa Sveins Ingimundarsonar í máli þessu ekki tekin til greina, og er sama máli að gegna um framangreinda kröfu hreppsnefndarinnar í Seyluhreppi.

Við leit í Elvogum 5. desember s. l. fundu þeir Tobías Sigurjónsson, Jón Jóhannesson, Halldór Gíslason og Ingimar Sigurjónsson tvö sauðarhorn undir lausarúmi í eldhúsi. Var annað þeirra hægra horn hvitmálað, brennimerkt J. J. S., en hitt rauðmálað vinstra horn, óbrennimerkt. Það er upplýst í málinu, að brennimarkið J. J. S. er brennimark Jóns Jóhannessonar, bónda á Skarðagili í Seyluhreppi, og hefir hann borið og staðfest þann fram-

burð, að horn þetta væri af þriggja vetra gamalli á, sem hann vantaði af heimtum s. l. haust. Hefir hann krafizt þess að fá 40 kr. bætur fyrir kindina. Ákærði hefir stöðugt neitað því að hafa stolið kind þessari og haldið því fram, að hornið væri ekki fyrir sinn tilverknað komið inn í Elvogabæinn. Að því er hitt hornið snertir, hefir vitnið Ingimar Sigurjónsson haldið því fram og staðfest þann framburð sinn, að það væri af tveggja vetra gamalli á, sem Ingiriði Helgadóttur á Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi vantaði af heimtum s. l. haust. Var sú ær á fóðrum hjá vitninu, og hefir það haldið því fram, að það þekkti hornið af laginu og af því, að skellt var af því, og ennfremur af því, að hornið var málað með rauðri húsamálningu, en vitnið málaði þannig sauðfénað sinn og Ingiriðar Helgadóttur vorið 1938. Hefir vitnið krafizt þess, að kind þessi verði bætt með 30 kr. Ákærði hefir og eindregið neitað því að hafa tekið kind þessa og haldið því fram, að hornið væri ekki komið að Elvogum fyrir sinn tilverknað. — Það verður nú að líta svo á, að gegn staðfastri neitun ákærða hafi ekki með framangreindum vitnisburðum fengizt fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærður hafi stolið og hagnýtt sér sauðkindur þær, sem vitnin telja horn þessi af. Verður hann því ekki sakfelldur, að því er kindur þessar snertir, eða dæmdur til að greiða bætur fyrir þær.

Við rannsókn málsins voru fjórar kindur teknar úr sauðfénaði ákærða, sem vafi þótti á, að hann væri réttur eigandi að. Tveimur þeirra var sleppt aftur, er vissa þótti fyrir því, að ákærði hefði fengið þær með heiðarlegu móti, en tvær þeirra voru hafðar áfram í vörzlum hreppstjóra.

a. Gul ær (Króna). Mark: Hvatt, gat hægra og stýft, gagnbitað vinstra. Samkvæmt áliti tveggja skoðunarmanna er ær þessi 4—5 vetra gömul, mikið hornskellt og markið soramark, sett á kindina fullorðna, nema bitarnir á vinstra eyra, sem virðast vera lambmark. Sneiðingin á hægra eyra, segja skoðunarmenn, að sé tekin miklu lengra niður en venja er til og, að því er virðist, til þess að taka af undirben, sem leifar virðast eftir að nokkru leyti. Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi keypt á þessa af Stefáni Friðrikssyni á Glæsibæ í Staðarhreppi árið 1933 og hafi hún þá verið með hans marki. Stefán Friðriksson hefir sem vitni í málinu borið og staðfest þann framburð

sinn, að ær þessi geti ekki verið ein af þeim kindum, sem hann seldi ákærða 1933, bæði vegna þess, að til þess sé kind þessi of ung og í öðru lagi geti ekki það mark, sem nú er á henni, verið markað upp úr sínu marki. Þá hefir vitni þetta eftir að hafa skoðað ána á Seylu, borið, að kindin sé ólík því fjárkyni, sem það átti. — Þá hefir vitnið Sigurður Sigurjónsson borið, að hann telji, að kind þessi sé sin eign. Kveðst hann sérstaklega þekkja kindina af fjárbragðinu og heldur því fram, að uppmörkun kindarinnar og markleifarinnar á eyra hennar staðfesti þetta álit sitt. Hann segist hafa tapað kind þessari fyrir 3 árum og hafi hún þá verið veturgömul. Vitnið hefir þó ekki viljað helga sér kind þessa með eiði sínum. Bróðir vitnisins, Ingimar Sigurjónsson, hefir borið og staðfest þann framburð sinn, að ær þessi sé eign Sigurðar. Hefir vitnið talið, að það þekkti kindina á fjárbragði sauðfjár þeirra Geldingaholtsfeðga og markleifarinnar á eyrum kindarinnar staðfesti þetta álit sitt. — Þá hafa vitnin Markús Sigurjónsson á Brekku og Ellert Jóhannesson í Holtsmúla, sem rannsókuðu sauðfénað ákærða, Tómasar Jónssonar, árið 1934, við réttarrannsókn, er þá fór fram, borið, að þau minni ekki til, að þessi sauðkind hafi þá verið í Elvogafénu. Ellert getur þess þá, að sér sýnist kindin svipuð á, er hann sá á Seylu 1934, en ekki geti verið um sömu kind að ræða aldursins vegna, en hann telur á þessa 5 vetra í vor. — Enda þótt allar hér að lútandi upplýsingar í málinu bendi til, að eignarhald ákærða á kind þessari sé mjög grunsamlegt og framburður hans að þessu leyti virðist mjög tortryggilegur, þykir þó, er á það er litið, að nefndur Sigurður Sigurjónsson hefir ekki helgað sér kindina með eiði, ekki fengin fullnægjandi sönnun þess, að ákærður sé kominn að henni á óheiðarlegan hátt. Verður hann því ekki sakfelldur, að því er kind þessa snertir.

b. Gulleit ær óhornskellt (Þverárgul). Mark: Hvatt og gat hægra, stýft, gagnbitað og gat vinstra. Samkvæmt álitu tveggja tilnefndra skoðunarmanna er ær þessi að líkindum 6—7 vetra gömul, og telja þeir, að hægra eyra sé soramarkað en stýfingin, gatið og bitinn framan á vinstra eyra geti verið lambmark. Ákærði hefir gert þá grein fyrir eignarheimild sinni á þessari kind, að hann segist hafa keypt hana fyrir

nókkrum árum af Leó Jónassyni, sem þá var í Hróarsdal, en nú er bóndi í Vatnskoti í Ripurhreppi. Hefir Leó borið það í málinu að hafa selt ákærða árið 1933 13 kindur, og voru 4 þeirra frá Þverá í Blönduhlíð. Hefir ákærður haldið því fram, að umrædd kind væri ein af þeim. Hannes G. Stefánsson, bóndi að Þverá, sem seldi nefndum Leó kindurnar 1933, hefir eftir að hafa skoðað kind þessa, borið og staðfest þann framburð sinn, að hann geti ekki þekkt þessa kind sem eina af þeim kindum, er hann seldi Leó Jónassyni. Hefir hann haldið því fram, að kindin sé ekki með því fjárbragði, sem er á sauðfénaði hans, og alls ekki með því ullarlagi, sem verið hafi á hinum selda gemlingi. Hafi hann verið finullaður, en þessi kind sé það ekki. Hafa einnig tvö vitni önnur staðfest þetta atriði. Þá hefir vitnið borið, að á vinstra eyra kindarinnar sé ekki sitt markbragð, stýfingin sé minni en hann sé vanur að marka hana. Vitnið Halldór Björnsson á Seylu hefir borið, að kind þessi sé sin eign og sé um sömu kind að ræða og hann tapaði af heimtum árið 1935. Telur vitnið sig þekkja ána af hornalaginu og fjárbragðinu. Ærin hafi verið borin saman við 5 ær á Seylu, sem vera ættu af sama kyni, og hefði þeim, er viðstaddir voru, komið saman um, að hún bæri sama fjárbragð og þær. Vitnið hefir þó ekki viljað helga sér kindina með eiði sínum. — Vitnið Guðvin Óskar Jónsson, bóndi á Seylu, hefir einnig borið, að honum virðist kindin með sama fjárbragði og sumt af Seylufénu og að honum sýndist markið á vinstra eyra, stýfingin og gatið, vera nauðalíkt þessum markbenjum á kindum Halldórs á Seylu. Þá hafa vitnin Markús Sigurjónsson og Ellert Jóhannesson, sem, eins og áður er sagt, rannsökuðu sauðfénað ákærða árið 1934, borið, að þeir muni ekki til, að kind þessi hafi þá verið í Elvogafénu.

Enda þótt framangreindir vitnisburðir þyki benda til þess, að eignarhald ákærða á þessari kind sé næsta grunsamlegt, og hér að lútandi framburður hans virðist einnig mjög tortryggilegur, þykja þó ekki fengnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærður hafi heldur komizt að þessari kind með óheiðarlegu móti, og verður hann því ekki sakfelldur að því er þetta atriði snertir.

V.

Ákærða Sigríður Jónsdóttir hefir siðastliðin 10—15 ár húið ógift með ákærða Tómasi Jónssyni, og hafa þau eignazt saman sjö börn. Síðan þau reistu bú saman í Elvogum í Seyluhreppi, hafa þau rekið félagsbú saman, þannig að engir sérreikningar hafa verið haldnir yfir framlög þeirra til búsins eða til framfærslu barnanna. Kveðst ákærða hafa látið afskiptalaust að mestu, hvernig meðákærður, Tómas Jónsson, ráðstafaði fjárreiðum þeirra. Bæði hafa hin ákærðu haldið því fram, að allur nautpeningur og sauðfénaður Elvogabúsins hafi verið talin eign ákærðu, Sigríðar. Um hrossin hefir ákærða hinsvegar gefið þá skýrslu, að hún vissi ekki, hvað af þeim hún ætti sjálf, og hefði ákærður, Tómas Jónsson, haft öll forráð þeirra og selt þau og ráðstafað þeim á annan hátt, án þess að hún vissi nokkuð um þær ráðstafanir. Ákærður, Tómas Jónsson, hefir staðfest þenna framburð hennar og bætt því við, að í raun og veru sé öll húseignin í Elvogum sameiginleg eign þeirra og hafi þau húið saman eins og hjón og lofað hvort öðru trúnaði, meðan þau lifðu.

Ákærðu hafa bæði stöðugt haldið því fram við rannsókn málsins, að ákærðu Sigríði Jónsdóttur hafi með öllu verið ókunnugt um afbrot ákærða, þau er hann er saksóttur fyrir í máli þessu. Hefir ákærða haldið því fram, að hún hafi aldrei aðstoðað við slátrun á sauðfé eða öðrum búpeningi heima í Elvogum og ekki fylgzt með búrekstrinum.

Á siðastliðnu hausti kveðst hún þó hafa lifað í talsverðum ótta um það, að ákærður tæki skepnur að ófrjálsum, en hann hafi talið henni trú um, að sá grunur hennar væri ekki á neinum rökum reistur. Þá hefir ákærða stöðugt borið á móti því, að hún hafi fylgzt með því, hve miklar kjötbirgðir voru til á heimilinu, vegna þess að hún hafi ekki gengið um kjötgeymsluna. Hefir hún haldið því fram, að þær ástæður hafi legið til þess, að ákærður byggði kjötgeymsluna á öðrum stað en hún vildi hafa hana. Þegar hún fékk því ekki ráðið, hvar geymslan var sett, kvaðst hún hafa sagt ákærða, að hún stigi ekki fæti sínum í hana, og það hafi hún efnt.

Við rannsókn málsins hefir ekki tekizt að upplýsa um neitt það, er sanni, að ákærða hafi gerzt meðsek með ákærða í afbrotum hans. Hefir hann og ávallt haldið því

fram, að hann hafi leynt hana þjófnaði sínum. — Þótt sambúð ákærðu við meðákærða og allt hið nána samband þeirra um langt tímabil, sem getið er hér að framan, sé hinsvegar sterkar líkur fyrir því, að ákærða hafi verið í vitorði með ákærðum, Tómasi Jónssyni, um meira eða minna af afbrotum hans, þykja gegn neitun beggja hinna ákærðu ekki hafa fengizt sannanir fyrir því, að hún sé honum samsek um neitt af afbrotum þeim, sem hann er saksóttur fyrir, og verður hún því ekki sakfelld í máli þessu.

VI.

Ákærði, Tómas Jónsson, sat í gæzluvarðhaldi frá 24. október f. á. til 24. apríl þ. á. Samkvæmt framanrituðu er hann í fyrsta lagi sakaður um að hafa slegið eign sinni á 15 sauðkindur, er ýmsir áttu, og voru þær af tilviljun komnar saman við heimaféð í landareign hans. Auk þess hefir hann slegið eign sinni á tvær sauðkindur, sem óupplýst er, hvar hann hefir stolið. Þessi afbrot ákærða ber að heimfæra undir 250. gr. hinna alm. hegningarlaga. Þá er ákærður sakaður um að hafa slegið eign sinni á hross, sem hann sótti í haga í landareign annarra, og hefir ákærði þar með gerzt sekur um verknað, sem lýst er í 231. gr. 1. tölul. hinna alm. hegningarlaga. Refsing sú, er ákærður hefir unnið til fyrir framangreind afbrot, þykir samkvæmt 250. gr. áðurgreindra hegningarlaga og 7. gr. sbr. 8. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 63. gr. hinna alm. hegningarlaga, og með hliðsjón af ákvæðum 65. gr. hegningarlaganna, að því er þær sauðkindur snertir, er ákærður sló eign sinni á, áður en aukaréttardómur 2. sept. 1935 og dómur hæstaréttar 3. apríl 1936 voru kveðnir upp yfir honum, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í tvö ár, þegar tekið er tillit til þess tíma, er ákærður hefir setið í gæzluvarðhaldi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða eftirtöldum mönnum iðgjöld fyrir stolinn fénað, eins og hér segir:

1. Sigurði Þórðarsyni á Egg	kr. 40.00
2. Ellert Jóhannessyni í Holtsmúla	— 100.00
3. Ingimar Bogasyni á Viðimýri	— 35.00
4. Guðmundi Kaldbak, Steinholti	— 30.00
5. Sæmundi Jónssyni á Bessastöðum	— 35.00
6. Halldóri Björnssyni á Seylu	— 60.00

7. Guðvini Jónssyni á Seylu	kr. 20.00
8. Jónasi Jónassyni, Hátúni	— 25.00
9. Jóni K. Jónassyni, Syðri-Húsabökkum	— 30.00
10. Jóni Jóhannessyni, Sauðárkróki	— 30.00

Ákærðu, Sigríði Jónsdóttur, ber að sýkna af kröfum réttarins í máli þessu. Hún sat í gæzluvarðhaldi frá 26. október f. á. til 3. febrúar þ. á., og ber samkvæmt þessum úrslitum að greiða gæzluvarðhaldskostnað hennar af almannafé.

Allan annan kostnað sakarinnar ber að dæma ákærða, Tómas Jónsson, til að greiða, þar á meðal gæzluvarðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hinna ákærðu, Magnúsar Thorlacius, málflutningsmanns í Reykjavík, er þykja hæfilega ákveðin 100 kr.

Á rannsókn málsins, sem hefir verið mjög umfangsmikil, hefir enginn annar dráttur orðið en sá, er stafaði af langvarandi sjúkdómsforföllum hins reglulega dómara, frá því snemma í desembermánuði f. á. og þangað til settur dómari tók við framhaldi rannsóknarinnar 1. febrúar þ. á. En dráttur sá, er orðið hefir á, að dómur þessi yrði kveðinn upp, stafar af embættisönnum dómarans, sem hafa verið sérstaklega aðkallandi eftir margra mánaða fjarveru hans, svo sem uppperð á fjarreiðum embættisins, sýslufundur, manntalsþingaferðir og nú að síðustu aðkallandi dómsmálastörf, auk þess sem mál þetta er mjög umfangsmikið. Hefir rekstur þess verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Tómas Jónsson, sæti betrunarhúsvinnu í tvö ár.

Ákærða, Sigríður Jónsdóttir, á að vera sýkn af kröfum réttvisinnar í máli þessu, og ber að greiða kostnað af gæzluvarðhaldi hennar af almannafé.

Ákærði, Tómas Jónsson, greiði í iðgjöld: Sigurði Þórðarsyni 40 kr., Ellert Jóhannessyni 100 kr., Ingimar Bogasyni 35 kr., Guðmundi Kaldbak 30 kr., Sæmundi Jónssyni 35 kr., Halldóri Björnssyni 60 kr., Guðvini Jónssyni 20 kr., Jóni K. Jónassyni 30 kr., Jónasi Jónassyni 25 kr. og Jóni Jóhannessyni 30 kr. Ennfremur greiði hann gæzluvarðhaldskostnað sinn og allan annan kostnað sakarinnar, þar á meðal 100 krónur

í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í málinu, Magnúsar Thorlacius, málflytningsmanns í Reykjavík.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. desember 1939.

Nr. 126/1938. **Pétur Guðmundsson**

(Pétur Magnússon)

gegn

Skipaútgæð ríkisins

(Garðar Þorsteinsson).

Um hlutdeild skipverja varðskips í launum fyrir bjargaðgerðir varðskipsins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. des. f. á., krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1108.43 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. febrúar f. á. til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst hinsvegar sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar af honum í hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu til handa stefnda af þeim kröfum áfrýjanda, sem getur í kröfuliðunum I, II, V og VII.

Um III. Það hefir orðið víst í málinu, að kr. 56482.00 hafi verið greiddar fyrir bjargaðgerðir við botnvörpunginn Lincolnshire og að fjárhæð þessi hefir ekki brokkið til greiðslu beins útlagðs kostn-